

✉ Re: Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi

Búið til	3.4.2020 14:47:46
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	3.4.2020 14:47:45
Tilheyrir	📁 202003-0029 - Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi

Efni

Re: Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.4.2020 14:47:45	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	sigurdur@kjos.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020030029 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Kjósarhreppi, dags. 19. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á samþykktu deiliskipulagi fyrir Hvamm og Hvammsvík, Kjósarhreppi. Breytingin felst fyrst og fremst í að bæta við bílastæði og baðaðstöðu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna og telur hana gera vel grein fyrir náttúrufari svæðisins, verndarsvæðum innan þess og öðrum þáttum s.s. eins og almannarétti og menningarminjum. Náttúrufræðistofnun telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að framlagðar tillögur komi ekki til með að hafa mikil áhrif á náttúru svæðisins en leggur áherslu á að allt rask við framkvæmdir og vegna reksturs verði í lágmarki og að farið sé að þeim tillögum um útfærslur á skipulaginu sem koma fram í greinargerð með því. Svæðið sem um ræðir er að hluta til raskað og auðvelt að nýta t.d. vegi innan svæðisins vegna fyrirhugaðra breytinga. Náttúrufræðistofnun gerir því ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna eins og hún er sett fram.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Sigurður H. Ólafsson" <sigurdur@kjós.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi
Date: 19.3.2020 08:34:48

Góðan dag.

Sent til umsagnar, í samræmi við 4. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan hefur verið kynnt kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu þann 12. mars sl. og í Lögbirtingablaðinu þann 16. mars sl., ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu frá 6. mars sl.

Hér með er gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum við deiliskipulagið. Óskað er eftir að athugasemdirnar berist eigi síðar en 4 vikum frá dagsetningu þessa tölvupósts.

Áður hefur skipulagslýsing fyrir deiliskipulagið verið kynnt og það auglýst samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.

Kær kveðja,

Sigurður H. Ólafsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps

Sími 566 7100 / 898 2297

Netfang: skipulag@kjós.is (mailto:skipulag@kjós.is)



Viðhengi

image001.png (10 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)